



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1727**  
**komudagur 22.2.2013**

Kirkjubæjarklaustur, 18. febrúar 2013

**Efni: Umsögn Skaftárhrepps um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 174. mál.**

Þann 4. febrúar barst tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir Skaftárhreppi til umsagnar tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 174. mál. Þar er þess óskað að umsögn berist í síðasta lagi 21. febrúar.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar fyrir þetta tækifæri til að gera athugasemd við tillöguna.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir eftirfarandi ályktun ársþings SASS frá 19. okt. sl. en þar segir:

„Ársþingið leggur áherslu á að Hornafjarðarflugvöllur fái aftur löggildingu sem millilandaflugvöllur með áherslu á ferju- og einkaflug. Staðsetning flugvallarins gerir það að verkum að hann er fyrsti kostur í ferjuflugi milli meginlands Evrópu og Íslands og þýðingarmikill í uppbyggingu ferðaþjónustu á þessu landssvæði.”

Sveitastjórnin hvetur eindregið til þess að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,  
f.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,



Eygló Kristjánsdóttir Sveitarstjóri.